



Fyllt á tank tímans



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 10. FEBRÚAR 2023



Í kuldnum og óveðrinu sem hefur sett svip sinn á landið að undanfögnu hrýs vafalaust mörgum hugur við þeirri tilhugsun að iðka útiþróttir. Brimbrettakappar virðast ekki vera þar á meðal, því ofurhugar úr þeirra röðum skelltu sér í sjóinn utan við Gróttuvita á Seltjarnarnesi í gær og léku þar listir sínar á öldunum. Ekki er annað að sjá en að þeir hafi verið í essinu sínu í ólgusjónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

MENNING 19



Frumraun Þóru sem leikstjóra

FRÉTTIR 9



Heimurinn svarar kallinu

LÍFIÐ 22

Fiskimið í hættu vegna súrnunar

LOFTSLAGSMÁL Hundrað vísindamenn við Háskólann í Hamborg segja að heimurinn hafi misst af tækifærinu til að halda hlýnun jarðar undir 1,5 gráðum.



Spáð er að hlýnunin geti náð 1,5 gráðum eftir aðeins átta ár.

Með hlýnun súrnar sjórin og fiskimið Íslands eru í hættu.

Verið er að reisa rannsóknarstöð í Grindavík þar sem gerðar verða tilraunir með loðnu í hlýjum og súrum sjó. Ef loðnan þolir ekki breytingarnar er fæðuöflun þorsks, einnar helstu undirstöðu íslensks efnahagslífs, í hættu. **SJÁ SIÐU 8**

Kári fagnar megrunarlyfjum

Kári Stefánsson segir stjórnarkonu í Samtökum um líkamsvirðingu „úti í mýri“ í umræðunni um megrunarlyf. Offita sé stærsta heilbrigðisvandamál samtímans.

odduraevar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Það er algjör firra að halda því fram að ef einhver segir við þig að heilsu þinni steðji hættu af offitu þinni sé þar með verið að sýna þér litla virðingu,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

Vísar Kári í ummæli næringarfræðingsins Vilborgar Kolbrúnar Vilmundardóttur, stjórnarkonu í Samtökum um líkamsvirðingu, í viðtali á vef Fréttablaðsins um að vísindaleg rök styddu ekki skilgreiningu á offitu sem sjúkdómi. Sagði Vilborg notkun megrunarlyfja á borð við Ozempic og Sax-



Lyfin sem hún er að henda skít í eru ihaldsamari leiðin til þess að takast á við þetta.



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

enda ekki heldur studda slíkum rökum.

„Offitu fylgir gífurlega aukin hættu á hjartabilun, lifrarskemmdum, sykursýki fullorðinna, kæfisvefni, slítigt hjá ungu fólki og alls konar krabbameinum. Það sem meira er, að það er bókstaflega línulegt samband milli offitunnar og þeirra mælikvarða sem eru notaðir á offitu og hættunnar af þessum sjúkdómum. Þannig að það fylgir þessu gífurleg áhætta,“ segir Kári. Vilborg sé „alveg gjörsamlega úti í mýri“.

Kári segir fyrrgreind lyf létta fólk á marktækan hátt og línulegt samband sé milli þyngdartapsins og minnkunar á hættunni af öllum þessum sjúkdómum. „Lyfin sem hún er að henda skít í eru ihaldsamari leiðin til þess að takast á við þetta.“

SJÁ SIÐU 4

Nánar á frettabladid.is

Stjörnuleitinni lýkur



Mátulegir

Sviðsútgáfa af kvikmyndinni Druk



borgarleikhus.is

Tryggðu þér miða

Flestar nauðganir eftir miðnætti

ser@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Tilkynntum nauðgunum fækkaði um meira en fjóurtíu prósent á tímum samkomutakmarkana árið 2020, miðað við meðaltal árunna 2018 til 2019, en krár og skemmtistaðir voru þá einatt lokuð snemma nætur.

Þetta kom fram í máli Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur ríkislögreglustjóra sem var með framsögu á Forvarnaráðstefnu VÍS í Hörpu í vikunni.



Skráðum nauðgunum fjölgaði strax þegar slakað var á samkomutakmörkunum.

Alls voru skráðar 114 nauðganir hjá lögreglunni það ár, en meðaltalið á fyrrnefndu árabili var 201.

Áð sögn Sigríðar Bjarkar tók skráðum nauðgunum svo að fjölga strax þegar slakað var á samkomutakmörkunum.

Samkvæmt tölum frá ríkislögreglustjóra á meginþorri tilkynntra nauðgana til lögreglu sér stað um helgar, frá föstudegi til sunnudags – og þá sér í lagi frá miðnætti til sex um morguninn. ■

Útlendingafrumvarpið



Atkvæðagreiðsla fór fram um útlendingafrumvarp Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra á Alþingi í gær. Var frumvarpinu síðan vísað aftur til nefndar áður en það fer til þriðju umræðu á þingi. Hér sjást ráðherrar ríkisstjórnarinnar með eftirvæntingu í augum á meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Afbrigðilegar vakir sjást á Öskjuvatni

gar@frettabladid.is

NÁTTÚRA Vakir sem myndast hafa í Öskjuvatni geta aðeins verið útskýrðar með auknum jarðhita.

Þetta kom fram í gærkvöldi á Facebook-síðu Rannsóknarstofu í eldfjallafræði og náttúruvísni hjá Háskóla Íslands.

„Eins og sjá mátti á myndum, birtum fyrr í dag [í gær] frá Sentinel tungli ESA, þá eru vakir í ís Öskjuvatns afbrigðilega stórar,“ segir í færslunni. Því hafi verið teknar saman myndir aftur til ársins 2016.

„Á þessu átta ára tímabili kemur skýrt fram að vakirnar sem komu fram í gær [í fyrradag] eru stórar og geta bara verið útskýrðar með auknum jarðhita í vatninu,“ segir í færslunni. Þetta sé í takt við þau



Askja er þekkt eldstöð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ummerki sem mælt hafi, landris og skjálfta. „Það er því vert að vera vel vakandi hvað Öskju varðar þessa dagana.“

Fram kemur að jarðhitainnslag hafi orðið á bilinu 25. janúar til 8. febrúar.

„Við fylgjumst með,“ skrifa vísindamennirnir. ■

Danskir hjartahlauparar til reiðu og bjarga lífi margra

Svonefndir hjartahlauparar sem tengjast neyðarlínunni og appi ef upp kemur mögulegt hjartaáfall koma til aðstoðar ef þeir eru nærri.

svavamarin@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Grethe Thomas, hjúkrunarfræðingur og verkefnastýra hjá TrygFonden í Danmörku, hélt fyrirlestur um verkefnið Hjartahlauparar á árlegri forvarnaráðstefnu VÍS í Hörpu á dögunum.

Hún segir frá þeirri framför sem hefur orðið á síðustu tuttugu árum í Danmörku með herferðum til að láta fólk vera óhrætt við að bregðast við og aðstoða einhver í nærumhverfi þess fær hjartaáfall.

„Á síðustu 20 árum hefur verið reynt að breyta samfélagslegri hugsun með því að hvetja fólk til að vera óhrætt við að beita skyndihjálp ef upp koma hjartaáfall í návist þeirra. Í byrjun voru aðeins um tuttugu prósent einstaklinga sem þorðu að aðstoða, en með herferðunum hækkaði prósentan í 79,“ segir Grethe og heldur áfram:

„Við sögðum við Danina: just do it. Maður þarf ekki að vera hræddur heldur bara ráðist í verkið. Þú getur ekki gert neitt vitlaust því að einstaklingurinn deyr ef þú gerir ekki neitt.“

Þess má geta að aðeins tuttugu prósent þeirra sem fá hjartaáfall utan sjúkrahúss á Íslandi lifa af, líkt og var áður í Danmörku.

Árið 2017 var appið Hjartahlauparar sett á laggirnar sem býður Dönum upp á að skrá sig til að hlaua til og aðstoða ef upp kemur grunur um mögulegt hjartaáfall hjá einstaklingi í nokkurra kílómetra radius frá þeim.



Vakning varð er lífi Christian Eriksen var bjargað í landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Grethe Thomas, verkefnastýra hjá TrygFonden

Hægt er að sjá á korti í appi hvar næsta hjartastuðtæki er staðsett.

Grethe segir þann sem fyrstur sé á staðinn hringja í neyðarlínu. Þaðan séu send skilaboð á 20 hjartahlaupara á svæðinu.

„Mikilvægast er að hjartahlaupari sé með hjartastuðtæki meðferðis til að halda einstaklingnum á lífi þar til fagaðilar koma á staðinn. Þess má geta að hjartahlaupari er oft mun fyrri til að koma einstaklingi til bjargar en sjúkraflutningamenn til dæmis, sem gerir hlutverk hjartahlauparans afar mikilvægt,“ segir Grethe.

Áð sögn Grethe er einfalt hjartaþnóð ekki nóg til að halda fólk á lífi þar sem biðin eftir sjúkrahúsi sé löng.

„Það koma vanalega um það bil fimm hjartahlauparar á svæðið en þeir fara allir í mismunandi hlutverk hverju sinni. Það var eitthvað sem við sáum ekki fyrir í byrjun. Einhverjar sinna börnum, nákomnum eða jafnvel hundinum,“ segir Grethe.

Fjöldi hjartahlaupara jókst gríðarlega eftir að knattspyrnumaðurinn Christian Eriksen fékk hjartaáfall í landsleik. Grethe segir það ekki hafa verið hjartahlaupara sem var fyrstur á vettvangi í hans tilfalli en Hjartahlauparaverkefnið hafi þó við það fengið töluverða athygli vegna atviksins.

„Nánast allir Danir og alheimurinn urðu vitni að því þegar Eriksen var endurlífgaður á aðeins tíu mínútum. Það sýnir okkur að skjót viðbrögð með hjartaþnóð og stuðtæki bjargar mannslífum.“ ■

„Takk fyrir að sýna okkur að krabbamein er ekki dauðadómur“

Kolluna upp fyrir mig og vinkonu mína!

lifidernuna.is KRAFTUR

LAEGSTA

VERÐIÐ

Í HAFNARFIRÐI

ER Á REYKJAVÍKURVEGI



ÚTSÖLUNNI

LÝKUR Á MORGUN

ÚTSÖLUBOMBUR! 50% AFSLÁTTUR

OPIÐ Á
LAUGARDAG
11-18



Kalpna leggings

okkar allra vinsælustu frá upphafi!

Verð nú: 6.495,-

~~Verð áður: 12.990,-~~

 **sherpa**

 **OSPREY**

Osprey Arcane
Small Day

Nú: 8.495,-

~~Áður: 16.990,-~~



Osprey tölvutaska 15"

Nú: 3.495,-

~~Áður: 6.990,-~~



 **OSPREY**

PeakPerformance

30-50%
AFSLÁTTUR



icebreaker
Move to natural

30-50%
AFSLÁTTUR

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18



Hressandi heilsubót!

TRACE MINERALS FREYÐITÖFLURNAR ERU SYKURLAUSAR, ÖFLUGAR OG EINSTAKLEGA GÓÐAR



Trace Minerals Immunity – fyrir ónæmiskerfið

Freyðitöflur sem eru algjör bomba fyrir ónæmiskerfið og góð hjálp gegn flensu, kvefi og veikindum. Þær innihalda hátt hlutfall C vítamíns og steinefnasölt sem halda líkamanum í góðu vökvajafnvægi og toppstandi. Meiri orka og sterkara ónæmiskerfi er eitthvað sem allir vilja!

Max Hydrate endurance – fyrir betra jafnvægi og úthald

Freyðitöflur fyrir alla sem drekka ekki nægan vökva eða vantar steinefni. Margir hópar þurfa að huga að því, íþróttafólk, eldri borgarar, þeir sem svitna mikið (til dæmis konur á breytingaskeiði), þeir sem eru í hita eða þurru lofti. Allir sem fá kvef, flensu, hita eða niðurgang þurfa að fá steinefnasölt.

Max Hydrate energy – fyrir orku, kraft og úthald

Með koffíni úr grænu te

Freyðitöflur sem innihalda steinefnasölt og vinna að betra vökvajafnvægi líkamans. Það er algengt vandamál að það jafnvægi raskist, en einkennin geta til dæmis verið svimi, þreyta, einbeitingarskortur, vöðvakrampar og depurð. Dagurinn byrjar með Max Hydrate Energy!

Magnesium – fyrir slökun og ró

Tvær bragðtegundir

Allir þurfa magnesium og talið er að um 75% fólks fái ekki nóg úr fæðunni. Þá er gott og gómsætt ráð að taka það inn í formi freyðitafla. Nauðsyn fyrir góða slökun, svefn, andlegt jafnvægi og vinnur gegn sinadráttum og fótaóeirð.



FÆST Í FLESTUM APÓTEKUM, FRÆINU FJARÐARKAUP, HAGKAUP, HEILSUHÚSINU KRINGLUNNI OG NETTÓ

Nánari upplýsingar um vörurnar má sjá á www.numereitt.is/trace-minerals

LOFTSLAGSMÁL



Lífæð Íslendinga, sjávarfang, er í óvissu vegna loftslagsbreytinga. Í Grindavík við Stað stendur til að Hafró rannsaki áhrif súrnunar sjávar á loðnu. Sviðsstjóri hjá Hafró segir mjög spennandi spurningu hvort loðnan, undirstaða þorsksins, muni þrifast í hlýrri og súrari sjó en dæmi eru áður um í veraldarsöginni. Tómas Árnason er hér að störfum á myndinni. MYND/HILMAR BRAGI BÁRDARSON

Hlýnun jarðar á krítískum punkti eftir átta ár



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Vísindamenn segja að heimurinn hafi misst af tækifærinu til að hamla gegn því að hlýnun jarðar fari yfir 1,5 gráður. Fá lönd eru eins útsett og Ísland fyrir breytingunum vegna súrnunar sjávar sem ógnar fiskimiðum. Spáð er að hættuviðmiði verið náð eftir aðeins átta ár, árið 2031.

Markmið Parísarsamkomulagsins um að halda hlýnun loftslags undir 1,5 gráðum mun að óbreyttu ekki nást samkvæmt rannsóknarskýrslu 100 vísindamanna við Háskólann í Hamborg.

Í fréttum erlendra fjölmiðla um skýrslu vísindamanna hefur verið staðhæft að heimurinn hafi misst af tækifærinu til að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 gráður.

Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, sem var um langt árabil yfirmaður hjá Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og vann meðal annars að Parísarsamkomulaginu, segir að yfirlýsingin marki ákveðin tímamót.

„Aðgerðaleysi okkar hefur leitt til þess að við erum komin mjög langt inn á hættusvæðið. Vísindamenn eru yfirleitt varkærir, það er ríkara í lífi vísindamanna að draga úr en ýkja, þannig að þessi yfirlýsing vísindamanna í Hamborg er mjög merk og mikilvæg,“ segir Halldór.

Ísland ofurviðkvæmt

Halldór segir að ef einhver hafi efast um að mikil alvara sé á ferðum þurfi ekki frekar vitnanna við. Áframhaldandi notkun á kolum, olíu og jarðgasi muni hafa alvarlegar afleiðingar. Ástandið sé ekki síst grafalvarlegt fyrir Íslendinga, þar sem fá lönd séu útsettari fyrir rökun á hitastigi. Þar vegi hæst súrnun sjávar sem haldist í hendur við hækkandi hitastig. Áhrif á fiskimiðin gætu orðið verulega neikvæð í framtíðinni.

„Það er mikið stökk frá bráðnun jökla yfir í súrnun sjávar,“ segir Halldór. „En fáir þjóðir ef einhverjar eiga meira undir því en Íslendingar að mannkynið geri sér grein fyrir hættunni sem fylgir aukinni súrnun hafanna.“



Hrönn Egilsdóttir, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra



Árni Finnsson, Náttúruverndarsamtökum Íslands

Halldór segir að Ísland þurfi „fram í rauðan dauðann“, eins og hann orðar það, að reyna að standa vörð um varnarlinuna, eina og hálfu gráðu. Aðeins ein sviðsmynd af sex sem IPCC, Alþjóðaráð um loftslagsmál, hafi sett fram, sýni að súrnun sjávar geti gengið til baka. Hlýnun hitastigs sé nú þegar orðin 1,2 gráður.

Átta ár í óvissuna

Spálíkan IPCC gerir ráð fyrir að hækkun hitastigs um 1,5 gráður gæti orðið á aðeins átta árum héðan í frá. Súrnun sjávar hefur eyðandi áhrif á þörungna, undirstöðu lífríkis hafanna og varpar óvissu á framgang lykilfiskistofna Íslendinga. Í vísindaskýrslu Veðurstofunnar um loftslagsbreytingar frá 2018 segir að súrnun sjávar sé mikil ógn við lífríki Norður-Atlantshafsins.

Halldór Björnsson, höfundur skýrslunnar, segir að skógrækt og aðgerðir til að nema koltvísýring til baka úr andrúmsloftinu séu til skoðunar.

„Hnattrænt séð hefur hlýnað álika og ég bjóst við frá þeim tíma

sem ég skrifaði þessa skýrslu,“ segir Halldór. „En það kemur á óvart hve mikill losarabragur hefur orðið síðan á veðri. Það er miklu erfiðara að sjá fyrir tíðni storma nú en var, miklu meira er af óveðrum, stormar eru öðruvísi en þeir voru, það er engin tilviljun að við erum nánast endalaust nú að sjá storma sem gera mikinn usla,“ segir Halldór.

Hafró sýrir loðnu

Hrönn Egilsdóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs hjá Hafrannsóknastofnun, segir að áhrif súrnunar sjávar séu óljós, óvissa sé um hvort fiskar geti aðlagast breyttu umhverfi.

„Vandinn er að við þekkjum áhrif hlýnunar ágætlega en ekki afleiðingar af súrnun sjávar,“ segir Hrönn.

Íslensk útgerðarfélag hafi að nokkru leyti tekið mið af breyttu hitastigi sjávar en Hrönn segir að frekari rannsóknir þurfi um samspil hlýnandi sjávar og aukinnar súrnunar. Í þeim tilgangi er verið að reisa rannsóknarstöð í Grindavík þar sem segja má að loðna verði súrsuð í hlýjum sjó. Ef loðnan þolir ekki breytingarnar er fæðuöflun þorsks í hættu, einnar helstu undirstöðu íslensks efnahagslífs.

„Það eru ákveðin teikn á lofti um að við þurfum að taka þessi mál mjög alvarlega,“ segir Hrönn.

Gagnrýnir stjórnvöld

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir grafalvarlegt fyrir efnahag Íslendinga ef hlýnunin fari yfir eina og hálfu gráðu.

„Framtíðarhorfurnar verða slæmar, einkum hvað varðar fiskveiðarnar. Þetta markmið með eina og hálfu gráðu er því mjög mikilvægt fyrir Ísland,“ segir hann.

Árni gagnrýnir íslensk stjórnvöld og segir þau ekki standa sig sem skyldi í að hamla gegn losun hér á landi. Koma þyrfti á úreltingargjaldi til að losna við gamla disilbila af götum og vegum. Ekki fari að öllu leyti saman hljóð og mynd hjá ríkisstjórninni sem stæri sig af markmiðum á sama tíma og beinar aðgerðir skorti.



Fáar þjóðir ef einhverjar eiga meira undir því en Íslendingar að mannkynið geri sér grein fyrir hættunni sem fylgir aukinni súrnun hafanna.



Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs

Áhrif á atvinnu skoðuð

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður VG, segir að hraði og þungi viðbragða Íslands gegn loftslagsvánni hafi margfaldast í tíð ríkisstjórnarinnar.

„Raunar svo mikið að á síðasta kjörtímabili áttfölduðum við framlög til loftslagsmála,“ segir Katrín.

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um bréf Katrínar til Evrópusambandsins um að Ísland sleppi við íþyngjandi losunarskatt sem ESB hyggst koma á vegna millilandaflugs.

„Við höfum sett fram og uppfært í tvígang sjálfstæð markmið Íslands um 55 prósentu samdrátt á losun fyrir 2030 og höfum gengið svo langt að lögfesta markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040,“ segir Katrín.

Um súrnun sjávar vill Katrín ekki segja annað en að vinna stjórnvalda og atvinnulífs standi yfir um samdrátt í losun og hvaða aðgerðir þurfi til að ná þeim markmiðum.

„Ég held að við munum aldrei sjá algjört hrun í sjónum, en loðnan er gríðarlega mikilvæg tegund, lykilmæða fyrir þorskin og uppspretta orku,“ segir Hrönn Egilsdóttir hjá Hafró. ■



Það er engin tilviljun að við erum nánast endalaust nú að sjá storma sem gera mikinn usla.

Halldór Björnsson, Veðurstofunni

Spilling er það



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Þótt hvergi sé minnst berum orðum á spillingu í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjókvíaeldi, þá er hún þarna samt. Svo bersýnileg að hún bókstaflega lekur af öllum hundrað fjörutíu og tveimur blaðsíðunum. Eins og grútur. Með tilheyrandi óþef.

Ætli íslenskri þjóð sé ekki bara farið að þykja dulítið vænt um spillinguna sína? Sem loðir við sameiginlegar auðlindir landsmanna eins og myglusveppur.

Það sem er reyndar merkilegast í þessu nýjasta spillingarútspli okkar Íslendinga er að sjá skítinn skjóta upp kollinum svona hratt og vel. Svo að segja í rauntíma.

Það er hressandi, því það þýðir að fólkid sem ber ábyrgð á öllu sukkinu situr enn í sömu stólunum. Svona fyrir utan þá sem hafa þegar fært sig yfir á launaskrá auðmannanna sem fengu þá til verksins. Öldungis ánægðir með afraksturinn.

Einhverjum kann að finnast leiðarahöfundur fara full gassalega í fullyrðingar í þessum efnunum. En þá er því til að svara að sá sem hér ritar byggir fullyrðingar sínar ekki bara á lestri einnar skýrslu.

Svo vill til að ég var í hringiðu þeirra atburða sem lýst er í skýrslunni. Ekkert af því sem þar stendur er nýtt eða óvænt fyrir mér.

Þetta liggur allt ljóst fyrir vegna þess að ég horfði upp á þræðina teiknast upp fyrir framan mig. Sat við borðið þegar handónýtri lagaumgjörðinni var troðið ofan í kokið á fiskeldissamfélögunum. Af folki sem vissi nákvæmlega hvað það var að gera.

Svo sat ég líka alla fundina. Heyrði fagurgalann um mikilvægi þess að ávinningurinn yrði eftir hjá fólkinu. Í samfélögunum.

Sem varð svo auðvitað ekkert raunin. Þegar allt kom til alls og kjörnir fulltrúar, sem töluðu svo digurbarkalega um samfélögin, hurfu aftur ofan í rassvasa girugra auðmanna. Eins og þeirra er síður.

Þannig er sagan og þannig gerðist þetta. Eða hvernig heldur fólk annars að önnur eins endemis vitleysa verði til? Heldur fólk að svona ósömi stafi af penna sem rennur aðeins til í blekinu? Eða að hending ein ráði því að rentan af auðlindum þjóðarinnar skuli alltaf enda í hjólbörum sömu auðmannanna, fremur en hjá þjóðinni?

Aldeilis ekki. Spilling er það og spilling skal það heita. Það er það sem ríkisendurskoðandi er að reyna að segja okkur með þessari skýrslu. Í löngu og ítarlegu máli.

En eigum við svo nokkuð að vera að gera eitthvað mál úr þessu? Er þetta ekki bara sama gamla íslenska sagan?

Þar sem sérhagsmunir trompa almannahagsmuni. Sem oftast og sem víðast. ■



Ætli íslenskri þjóð sé ekki bara farið að þykja dulítið vænt um spillinguna sína?

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Litlu lömbin þagna

Þaratar luku loks málþófi sínu um útlendingafrumvarpið og ákváðu að senda frá sér fréttatilkynningu þess efnis. Það er eins og að senda frá sér tilkynningu um að einhver hefði fengið sér kaffi. Af hverju er það ekki gert? Fréttatilkynning um að Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Þarata, hafi fengið sér kaffi og jafnvel sykur út í. Það yrði reyndar ekki í fyrsta sinn né annað sem Þaratar myndu senda eitthvað óáhugavert frá sér. Fréttatilkynningin taldi rétt rúmlega milljón og fimmtíu þúsund orð og var því nánast eins löng og allar ræður þeirra um útlendingafrumvarpið.

Vissu ekki betur

Samt tókst Þarotum að troða inn í þessa tilkynningu að enginn hefði mætt gagnrýni flokksins með málefnalegum hætti. Sögðu að meirihlutinn hefði jafnvel kveinkað sér yfir meintu málþófi og talað um að flokkurinn hefði tekið þingið í gíslingu. Þar hefur reyndar meirihlutinn rétt fyrir sér.

Það er stundum sagt í blaðamennsku að ef viðkomandi getur ekki útskýrt sitt mál í þremur setningum þá skilji viðkomandi ekki hvað verið sé að skrifa um. Þaratar voru svolítið á þeirri hillu. Það var eins og þeir skildu ekki málið og bulluðu bara. Í rosalega mörgum orðum. Eins og fréttatilkynningin bendir til. ■

Sjókvíaeldi með íslenska laginu



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður stjórn-
skipunar- og
eftirlitsnefndar
Alþingis

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stjórnsýslu sjókvíaeldis hér á landi er enginn skemmtilestur. Þar afhjúpast með skýrum hætti hvernig ekki á að byggja upp nýja atvinnugrein: fyrirtækin ráða ferðinni og stjórnvöld fylgja í kjölfarið alltaf nokkrum skrefum á eftir. Þannig næst hvorki að byggja upp traust eftirlit með atvinnugreininni og ekki heldur að byggja ákvarðanir um nýtingu á haldberum vísindarannsóknum. Og þannig næst ekki að tryggja fyrir fram eðlilega gjaldtöku af rekstraraðilum í sjókvíaeldi.

Úr skýrslunni má einnig lesa einbeittan vilja fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins til þess að aðlaga lagasetningu og reglugerðir óskum rekstraraðila og lobbísta frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Samkrull Sjálfstæðisflokksins og útgerðarinnar virðist vera fasti í íslenskum stjórnálmum og hagsmunagæsla flokksins fyrir hönd rekstraraðilanna er grímulaus. Það er í sjálfu sér ekki við fyrirtækin að sakast því þau fara eins langt og lög og reglur leyfa þeim. En það er algerlega óviðunandi að ráðuneyti og stofnanir þess sinni ekki þeirri skyldu sinni að innleiða löggjöf með fullnægjandi hætti og láti undir höfuð leggja að afla fjár til eftirlits og nauðsynlegra rannsókna. Um það fjallar stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar.

Sveitastjórnarfolk í héraði segir fátt koma á óvart í skýrslunni. Það hafi oft vakið athygli á losaralegri stjórnsýslu og tilfinnanlegum skorti á eftirliti með sjókvíaeldinu. Einnig hefur margsinnis verið bent á að sveitarfélög hafi litlar beinar tekjur af starfsemi. Ofan á þetta bætist sú staðreynd að ríkisstjórnin hætti við áform sín um að taka fyrsta skref í átt til gjaldtöku við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2023. Úthlutun sameiginlegra gæða án endurgjalds er því miður reglan hér á landi og í sjókvíaeldinu hafa ráðherrar hvorki nýtt heimildir í lögum til gjaldtöku á atvinnugreinina né til að þessa að bjóða út eldissvæðin. En gæðanna njóta án nokkurs vafa norsku fiskeldisrisarnir þrír sem hér starfa. ■



Ríkisstjórnin hætti við gjaldtöku á sjókvíaeldi í lok síðasta árs.

BOLI
LETTÖL

**ÍÞROTTAVIKAN
MEÐ BENNA BÓ**

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT

Ókeypis ef sótt

Í dag

Guðmundur Steingrímsson



Í gær náði ég mér í nokkra bárujárnsganga hjá manni í Hafnarfirði, sem ég ætla að nota sem þak á forláta hjólaskýli. Þessi viðskipti fóru þannig fram að fésbókarsíða fólks sem býr yfir afgangsbýggingarefnum var skoðuð, og þar reyndist sem sagt þessi maður búa yfir afgöngum af svörtu bárujárn, sem hann vildi losna við, og ég þurfti.

Frábær hringrás og góð nýting á eignum og allir glaðir.

Almennt séð er það mjög gott að sá kimi hagkerfisins sem höndlar með afgangsefni og endurnýtingu á úrgangi, sé vaxandi, og haugar af dóti séu sóttir og notaðir. Á þessum hugsunarhætti geta þó verið furðulegar hliðar. Til dæmis er grunsamlegt ef mikil verðmæti fast gefins á svona síðum eða verið er að selja til dæmis gullúr eða Apple tölvur á mjög lágu verði. Slíkt gæti jú verið þýfi, eða á einhvern hátt illa fengið fé, eða gæti bent til þess að viðkomandi væri að gefa eitthvað sem hann í raun ætti ekki, eða kynni ekki að meta.

Í gegnum tíðina, sem ég hef skoðað ýmsa miðla í leit að ókeypis verðmætum eða notuðu dóti á góðu verði, hef ég rekið augun í það að íslenska ríkið er mjög umfangsmikill aðili í þessum geira. Íslenska ríkið hefur itrekað auglýst mjög ríkuleg verðmæti á þessum síðum — og þá meina ég mjög, mjög mikil verðmæti — og þessar auglýsingar eða færslur hafa iðulega vakið undrun mína. Ég ætla að nefna nokkur dæmi.

Fyrir mörgum áratugum, í notað og nýtt dálki í einhverjum af gömlu dagblöðunum sá ég til dæmis að íslenska ríkið auglýsti heila sjávarauðlind. Auglýsingin var einhvern veginn svona: Er með sjávarauðlind — þorsk, ýsu, loðnu, humar, og margt fleira af finu sjávarfangi í sjó umhverfis Ísland. Fæst ókeypis ef sótt.

Nokkru síðar auglýsti íslenska ríkið aftur, svona rétt þegar internetið var að byrja, að mig minnir. Þá var ríkið að gefa frá sér orkuauðlind. Auglýsingin, gott ef hún var ekki á bland.is, hljómaði einhvern veginn svona: Erum með fossa, hver, ár og þess háttar sem hæglega má nýta til að framleiða orku. Fæst ókeypis ef sótt.

Ekki var að spyrja að viðbrögðunum. Nokkrir stórir aðilar, erlendir, sáu sér fljótt leik á borði, og nú hefur tekist að koma upp undir 80% af orkunni í þeirra hendur fyrir slíkk. Markmiðinu náð. Það var ómögulegt að láta þetta liggja svona ónotað.

En furðulegt samt. Það hefði vafalítið verið hægt að fá fyrir þetta gott verð.

En þetta hélt áfram. Bankar fást fyrir gjafverð. Ríkið vill losna við þá. Ísland allt, náttúruperlu og allt meðfylgjandi fæst ókeypis fyrir túrista. Bara að koma á staðinn.

Íslenska ríkið hlýtur að vera einhver gjafmildasti aðili sem um getur í sögu mannkyns. Það sem er áhugavert við þessar auglýsingar og færslur íslenska ríkisins um ókeypis verðmæti, er að í þráðum og samtölum um þessi viðskipti ber iðulega á því að einhverjir geri kröfu um að þeir sem fá verðmætin borgi fyrir þau. Mörgum sárnar óréttlætið í þessu, sem kallað er. Mörgum finnst skrytið að sumir

geti fengið svona verðmæti og skapað sér mikinn auð úr þeim. En þessar vangaveltur hafa jafnan verið útkljáðar með þeim hætti að sá sem fengið hefur verðmætin fyrir slíkk eða ekki neitt segir einfaldlega að hann geti ekki borgað. Þar með er það mál útrætt. Þeir sem fengu sjávarauðlindina geta ekki borgað, segja þeir. Þeir sem fengu orkuauðlindina geta alls ekki borgað meira. Allir segjast

fara á hausinn ef þeir þurfa að borga. Og ríkið gerir ekki athugasemdir við þau svör. Þetta er allt í góðu.

Íslenska ríkið, þrátt fyrir gagnrýni, lætur ekki af þessari gjafsemi. Nú síðast hefur örlætið birst í því að íslenskir firðir hafa verið auglýstir til notkunar. Auglýsingin hefur hljómað svona: Höfum fyrirbyggjandi nokkra víða firði með lífríki og þess háttar, til

dæmis á Vestfjörðum, þar sem er hægt að rækta fiska í sjókvíum. Fæst ókeypis.

Nú er svo komið að fólk er farið að reka í rogastans yfir þessu furðulega háttarni ríkisvalds. Hvað er hér á seyði? Hvaða hugsanavilla er hér á ferðinni? Nú síðast hefur sjálf Ríkisendurskoðun barið í borðið og gefið út skýrslu sem er einn samfelldur áfelliðómur yfir þessu háttalagi.

Sjókvíaelði hefur vaxið stjórnlaust. Fáir stórir aðilar hafa fengið að vaða í firðina án allrar reglugjafar og án þess að þurfa að borga fyrir leyfi.

Þetta er rugl. Meira að segja maðurinn í Hafnarfirði hafði vit á því að rukka smá fyrir þá bárujárnsbúta sem voru heillegastir. Ég svaraði auðvitað:

„En þá fer ég á hausinn.“
Djók. ■



Frjáls framlög

enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook — ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 10. febrúar 2023



Hornsteinn
60 ára afmælisýning
11/02 – 20/08 2023

**LISTASAFN
ÁRNESINGA**
Austurmörk 21 • 810 Hveragerði



Jóhanna B. Magnúsdóttir garðyrkjufræðingur sér um fræðsluna.

Fræðsla um ræktun matjurta

starri@frettabladid.is

Boðið verður upp á fræðslu um ræktun matjurta og fræskipti-markað að henni lokinni í Borgarbókasafninu Sólheimum í Reykjavík á morgun, 11. febrúar. Þar mun Jóhanna B. Magnúsdóttir garðyrkjufræðingur fjalla um ræktunaráætlun matjurta, sáningu og forræktun mismunandi tegunda, vaxtarrými og jarðveg í beðum.

„Það er alls ekki nauðsynlegt að eiga garð til að rækja grænmeti. Á svölum og pöllum sem snúa í sólarátt er hægt að rækta ýmislegt, til dæmis salat, steinselju, spínat, baunir, grænkál og jafnvel kúrbít. Einnig kryddjurtir, svo sem salvú, kóriander, dill og timjan,“ segir Jóhanna.

Skipst á fræjum

Ræktendur kannast flestir vel við að sitja uppi með slatta af fræjum sem vilja fara forgörðum. „Ef við ætlum að rækta tíu plöntur af blómáli er gott að deila restinni af fræjunum með öðrum, enda eru um 100 til 150 fræ í pokanum. Reyndar má geyma flest fræ milli ára en kosturinn við að taka þátt í fræskiptimarkaði er ekki síst félagskapurinn enda gaman að hitta fólk með sömu áhugamál og við sjálf.“

Fræðslan hefst klukkan 11 og fræskiptimarkaðinum lýkur klukkan 15 en stendur út vikuna, eða til 18. febrúar. ■

Nánari upplýsingar á borgarboka-safn.is, undir viðburðir.

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Magnús Jóhann Ragnarsson píanóleikari og söngkonan GDRN flytja íslenskar tónlistarperlur í Hörpu á morgun laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Taumlaus tónlistarsköpun í kortunum

Magnús Jóhann Ragnarsson píanóleikari hefur í mörgu að snúast þessa dagana. Undanfarnar vikur hefur hann leitt Idol-hljómsveitina í samnefndum þáttum. Á morgun flytja hann og GDRN lög af plötu sinni, Tíu íslensk sönglög, í Hörpu og ný plata er væntanleg frá honum. **2**

Öflugur & náttúrulegur flensubani

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Inniheldur hreint engifer & c-vítamín

Kröftug blanda sem kemur þér í gegnum veturinn með bros á vör



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og öllum helstu stórvörumörkuðum.

Hvað er um að vera í næstu viku?

13. febrúar mánudagur

■ Bókmenntakvöld: Saknað- arilmur, kl. 19.30

Bókasafn Seltjarnarness

Elisabet Jökulsdóttir mun fjalla um og lesa upp úr bók sinni Saknaðarilmi. Kaffi og kruðurí.

■ Bachata-kvöld, kl. 20.00

Ölver

Aðgangseyrir er 1.000 krónur og frá 20.00–20.40 er byrjendatími. Ekki er nauðsynlegt að mæta með dansfélaga þar sem venjan er að skipta oft um félag.

14. febrúar þriðjudagur

■ Heimurinn heima, kl. 14.00

Hönnunarsafn Íslands

Hönnunarsmiðja fyrir krakka og fylgifiska þeirra í vetrarfrí en smiðjan fer fram frá 13–15 dagana 14. og 16. febrúar. Hönnuðirnir Auður Ösp Guðmundsdóttir og Kristín María Sigþórsdóttir stýra smiðjunni en þátttakendur setja sig í spor



hönnuða og uppfinningamanna og búa til húsgögn á ímyndað heimili. Þátttaka er ókeypis og öll velkomin.

15. febrúar miðvikudagur

■ Ljóð hljóð – Brynjúlfur, kl. 17.00

Bókasafnið Grófinni

Ljóðaupplestur úr fyrstu ljóðabók Brynjúlfs Jóhannssonar – Farvegi. Brynjúlfur hefur oft á tíðum farið að ytri mörkum þess sem talið er hefðbundið í

eigin lífi til þess að brjóta á bak aftur stöðnuð form og rót-gróin norm. Farvegur er fyrsta ljóðabók höfundar og þar gefur hann innsýn í sína eigin heima. Brynjúlfur leggur sig fram við að staldra við og segja frá hvað býr í hverju ljóði fyrir sig.



16. febrúar fimmtudagur

■ Ásta Fanney, kl. 20.00

Mengi

Ásta Fanney kemur fram í Mengi með ný lög, tónkort og vísbendingar fyrir hljóðklukkur.

Gleði og glamúr, kæruleysi og hömluleysi

Stíllinn sem einkennir þriðja áratuginn hefur verið áberandi í hvers kyns mannfögnuðum og sér ekki fyrir endann á vinsældum þemapartíanna. Um þessar mundir er sýndur söngleikurinn Chicago á Akureyri með Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur og Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur fremstar í flokki, en sá söngleikur gerist á þessum tíma. Frímínútur náðu tali af Björgu Mörtu Gunnarsdóttur, sem er búningahönnuður sýningarinnar.

Björg segir að það sé margt við tímabilið sem heillar nútíma-partíhænsn. „Gleðin og glamúrinn er það sem fólk tengir hvað helst við. Maður tengir líka tímamann við ákveðið kæruleysi og hömluleysi sem fylgdi árunum eftir fyrri heimsstyrjöld,“ segir hún. „Gatsby-stíllinn hefur ákveðna dulúð og aðdráttarafl og er tími mikils óhófs. Ætli það sé ekki líka þessi tilfinning um uppreisn og spennu sem gerir þetta tímabil svona aðlaðandi.“

Fólk í dag tengir ef til vill líka við að á þessum tíma var samkvæmislífið opnað á ný, eftir samkomutakmarkanir spænsku veikinnar.



Perlur og palliættur

Björg gefur nokkur ráð um hvernig best er að ná fram hughrifum og segir að fylgihlutir skipi stóran sess. „Hattar og hvers kyns höfuðskraut skreytt fjöðrum, perlum og palliættum er lýsandi fyrir tímabilið og einnig sokkabönd og háir þunnir nælonsokkar. Eins var nauðsynlegt að eiga pels, eða í það minnsta pelskraga. Munnstykki, einglyrni og blævængir úr strúts-


„Ætli það sé ekki líka þessi tilfinning um uppreisn og spennu sem gerir þetta tímabil svona aðlaðandi,“ segir Björg Marta.

MYND/AUÐUNN
NIELSSON

fjöðrum við ákveðin tilefni.“ Þegar söngleikurinn Chicago hefur verið settur upp er hægt að fara ýmsar leiðir í stílfæringu. „Við ákváðum að fara þá leið að vera trú tímabilinu að mestu leyti en ég leyfði mér þó að ýkja og stílfæra meira og minna held ég bara allt saman og vísa út fyrir períóðina,“ segir Björg. „En ég leitast eftir að vera trú tímabilinu varðandi efnisval og útfærslu.“ ■

■ Skritin staðreynd vikunnar

Dansstíllinn sem var í tisku 1920–1930 bar þess merki að þarna dónsuðu einstaklingar gjarna einir, en ekki alltaf í pari. Mörg danssporin eru aggressif og til þess gerð að sparka af sér eða ýta í burtu þeim sem dansarinn hafði ekki áhuga á að dansa við, og til að ýta í burtu káfurum. Hefðbundið Charleston-spor er til dæmis tilvalið til að sparka í sköflunga eða á viðkvæmari staði.



TVÆR VERSLANIR

NEXUS

GLÆSIBÆR & KRINGLAN
S. 552 9011 S. 552 9012

NYTT

POKÉMON

4.499 kr. pk.

CROWN ZENITH

9.999 kr.

VENTANLESTI!

ELITE TRAINER BOX

POKÉMON

CARD GAME

1.099 kr.

NEXUS.IS

VEFVERSLUN MEÐ

YFIR 16.000 VÖRUR!

f i

Dale Carnegie fyrir ungt fólk

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Námskeið hefjast:

- 10 til 12 ára 12. júní 9.00 -13.00 átta virka daga í röð
- 13 til 15 ára 20. febrúar 17.00 - 20.30 einu sinni í viku, 9 skipti
- 16 til 19 ára 9. ágúst 18.00 -22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
- 20 til 25 ára 15. febrúar 18.00 -22.00 einu sinni í viku, 9 skipti

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

Dale Carnegie.

Kaka ársins er sæt fyrir konurnar



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

Guðrún Erla Guðjónsdóttir kom, sá og sigraði í keppninni um köku ársins 2023 og tófraði dómnefndina upp úr skónum með sinni fallegu köku, bragði og áferð.

Guðrún hefur haft áhuga á bakstri frá því hún var á barnsaldri og hefur ástríðu fyrir starfi sínu sem bakari. Það má með sanni segja að hún hafi fundið sínu hillu fljótt.

Guðrún er lærður bakari, útskrifaðist og fékk sveinsbréfið í fyrrasumar. „Ég er í áframhaldandi námi í Danmörku að læra konditor þar sem mér finnst skemmtilegast að gera kökur,“ segir Guðrún og bætir við að það hafi verið mikill heiður og hvatning fyrir hana að hafa unnið keppnina um köku ársins.

Segðu okkur frá þér, hvenær þú byrjaðir að baka og hvaðan innblásturinn kom.

„Ég byrjaði á samningi í Mosfellsbakarii árið 2018, en hafði bakað mikið heima áður. Ég hef alltaf haft gaman af bakstri, bæði með því að fylgjast með mömmu vera inni í eldhúsi að baka súkkulaðiköku og horfa á þætti eins og Cake boss og kökukeppni í sjónvarpinu.“

Vissir þú alltaf að þú vildi verða bakari?

„Ég hef haft áhuga á bakstri frá unga aldri. Eftir tíunda bekk var ég nokkuð viss um að ég vildi gera eitthvað tengt matvælagreinum, og ákvað að fara í grunndeild matvælaíðna og fann mig þar algjörlega í bakstri.“

Litlar pavlovur fyrsti baksturinn
Manstu hvað var það fyrsta sem þú bakaðir?

„Hvort ég man, ég var að horfa á kökukeppni í sjónvarpinu í Noregi, og keppendur áttu að gera litlar pavlovur. Ég sá það og hugsaði með mér, ég get gert þetta. Heppnaðist ekki alveg eins vel og ég vonaði en æfingin skapar meistarann.“

Hefur þú aldrei bakað vandræði?

„Fyrstu árin mín í Mosfellsbakarii var ég alveg ferleg, en það versta sem ég hef gert er sennilega að gleyma að setja salt í brauð,“ segir Guðrún og hlær.



77 Fyrstu árin mín í Mosfellsbakarii var ég alveg ferleg, en það versta sem ég hef gert er sennilega að gleyma að setja salt í brauð.

Hver er sérstaða þín í bakstri?

„Algjörlega kökur, sérstaklega barnatertur. Ég elska þegar fólk pantar kökur, og vill fá litríkt smjörkrem, og ég fæ algjörlega að vera frjálst og leika mér að útlitinu,“ svarar Guðrún og bætir við að þá blómstri hún í hlutverki sínu og sköpunarhæfileikarnir fá að njóta til fulls.

Mamma fékk köku á konudaginn
Nú var kakan þín valin kaka ársins, tófraði dómnefndina upp úr skónum fyrir bæði bragð, útlit og áferð. Segðu okkur frá því hvernig hún varð til.

„Ég ætlaði fyrst ekki að keppa með þessa köku. Ég var í skólanum í Danmörku þegar keppnin var auglýst og ég byrjaði strax að setja saman uppskrift, og sú kaka lenti í

þriðja sæti. Nokkrum dögum fyrir keppnina var ég eitthvað að hugsa og spá. Prófaði svo að gera eitthvað með ástaraldini sem mér fannst að ætti að vinna vel með doré-súkkulaðinu frá Nóa Siríusi, og keppti með hana á síðustu stundu.“

Heldur þú upp á Valentínusardaginn og konudaginn, hugsadur þú um þessa daga þegar þú varst að skapa þessa köku?

„Nei, í raun ekki. Eftir að ég byrjaði að vinna í bakarii, hef ég vanið mig á að koma með köku á konudaginn og gefa mömmu. Ég var alveg með konudaginn í huga þegar ég gerði kökuna, vildi hafa hana svona gull og sæta fyrir konurnar.“

Þegar Guðrún er beðin um að lýsa kökunni fær blaðamaður hreinlega vatn í munninn enda lýsingarnar svo freistandi. „Botninn er léttur marengs með heslihnetum, og ofan á hann fer stökkt crumble sem er búið til úr kexkurli og mjólkursúkkulaði. Síðan kemur frískandi ástaraldinkrem, og ofan á það kemur karamellusúkkulaði ganache með ástaraldini. Doré-karamellumúsín er svo utan um allt þetta, og að lokum

er kakan hjúpuð með gull-glaze sem gefur kökunni þetta fallega gyllta útlit.“ Styttra svarið hennar Guðrúnar þegar hún er beðin að lýsa kökunni er að hún eigi að vera mjög frískandi og létt.

Hefur þú áður unnið í kökukeppni eða annarri keppni sem tengist bakstri?

„Ég hef keppt í einhverjum keppnum áður, en aldrei náð eitthvað langt, nema í köku ársins í fyrra, þá lenti ég í öðru sæti.“

Það verður gaman að fylgjast með Guðrúnu í framtíðinni og sjá hana blómstra í iðn sinni bæði sem bakari og konditor. ■

Guðrún Erla Guðjónsdóttir kom, sá og sigraði í keppninni um köku ársins sem verður sú kaka sem bakari landsins munu skarta í tilefni Valentínusardagsins og konudagsins sem fram undan eru í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Kakan ársins er einstaklega falleg í ár en kakan er hjúpuð með gull-glaze sem gefur kökunni þetta fallega gyllta útlit sem gleður svo sannarlega augað.



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Föstudaginn 24. febrúar gefur Fréttablaðið út sérblað um upplýsingatækni.

UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingatækni er notuð í velflestum geirum atvinnulífsins og hafa Íslendingar lengi staðið framarlega á meðal þjóða í þessum geira.

En betur má ef duga skal, bæði hvað varðar nýliðun, að fá konur inn í stéttina og að íslensk fyrirtæki haldi áfram að skara fram úr.

Með þessu blaði viljum við kynna ykkar sýn á það sem er að gerast í dag og nánustu framtíð.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:
Jóhann Waage, markaðsfulltrúi. Sími 550-5656 / waage@torg.is

BROSTU Í SKAMMDEGINU

D-vítamín & kröftug burnirót



Kröftug orku-
blanda sem inniheldur
2000 einingar af
D-vítamíni &
Íslenskri burnirót
í einu hylki.

D-vítamín er
mikilvægt sólarvítamín
í skammdeginu. Orka
og úthald í gegnum
veturinn.

Burnirótin er
Íslensk ofurjurt
sem eykur orku og
minnkar slen. Frábær
gegn álagi og
streitu.



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Við leiðum fólk saman



Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Aukning á eldismagni, tilfærsla eldissvæðis og tegundabreyting ÍS 47 í Öfundarfirði

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 10. mars 2023.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Neyðarbirgðir olíu



Ingibjörg Isaksen
Þingflokksfor-
maður Fram-
sóknar og fyrsti
þingmaður NA-
kjördæmis

Nýlega kynnti Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráðsgátt stjórnvalda áform um frumvarp til laga um neyðarbirgðir eldsneytis. Neyðarbirgðir eru mikilvægar ef skyndileg röskun verður á olíuframboði. Samkvæmt frumvarpinu er áformað að leggja skyldu á söluadila eldsneytis að þeir viðhaldi jarðefnaeldsneytisbirgðum sem jafngildi notkun til 90 daga.

Samkvæmt frumvarpinu verður birgðaskyldan innleidd í nokkrum skrefum yfir nokkurra ára tímabil. Í dag er enginn aðili sem ber ábyrgð á því að til staðar séu neyðarbirgðir af eldsneyti á landinu og þá er heldur engin krafa til staðar á stjórnvöld eða atvinnulíf til þess að tryggja birgðir sem þessar.

Setjum ekki öll eggin í sömu kórfa

Líkt og við höfum orðið óþægilega vör við síðustu misseri geta fljótt skipast veður í lofti, eldgos, heimsfaraldrar og stríð geta valdið aðstæðum þar sem lífsnauðsynlegar vörur verða af skornum skammti, en nægt framboð af olíu



er forsenda öryggis á fjölmörgum sviðum. Ef ekki er gætt að neyðarbirgðum olíu gæti fljótt stefnt í óefni í samfélaginu.

Markmið okkar til framtíðar er auðvitað að verða óháð jarðefnaeldsneyti hérlandis en enn er nokkuð í að þeim markmiðum verði náð. Þangað til þurfum við

að hafa tiltækar nægar olíubirgðir hér á landi.

Undirrituð telur þörf á því að skoðað verði af fullri alvöru við þessa vinnu, sem og aðra er snýr að neyðarbirgðum, að hugað sé að því að koma birgðum fyrir á fleiri en einum stað á landinu. Undirrituð telur mikilvægt að komið

verði fyrir birgðastöð á að lágmarki tveimur stöðum á landinu, fyrir sunnan og einnig til dæmis fyrir norðan eða austan. Við vitum aldrei hvaða aðstæður geta skapast í samfélaginu. Hér er ég ekki síst að horfa til flugvélaeldsneytis, við þurfum að vera við því búin að þannig aðstæður skapist á SV



Undirrituð telur mikilvægt að komið verði fyrir birgðastöð á að lágmarki tveimur stöðum á landinu, fyrir sunnan og einnig til dæmis fyrir norðan eða austan.

horninu að flugvellir lokist, eldgos á Reykjanesi eru ágætis áminning um það og því þurfum við að vera tilbúin að beina flugi á aðra velli á landsbyggðinni.

Stöðugleiki um allt land

Neyðaroliubirgðir geta ekki bara skipt máli vegna samgangna heldur getur einnig þurft að nýta þær við hamfarahljál svo sem við að knýja rafstöðvar o.s.frv. Því er mikilvægt að hafa ekki öll eggin í sömu kórfa ef samgöngur rofna á milli landshluta. Eg fagna þeirri vinnu sem ráðherra hefur sett af stað og hvet hann áfram til góðra verka. En mikilvægt er að hafa það hugfast að með því að tryggja öllum landsmönnum auðvelt aðgengi að neyðarbirgðum má betur viðhalda stöðugleika og öryggi þjóðarinnar. ■



Rimme frá Casö, raðau saman þinni samstæðu



Casö 230 viðartegundir nature eik og reykt eik



Borstofuhúsgögn frá Casö



KRAGELUND Handrup



GLOBAL VIKTOR
Hvildarstóll

- Stólar
- Sófasett
- Borðstofuborð
- Skenkar/skápar
- Hvildarstólar
- o.m.fl.


Klassísk gæða húsgögn á góðu verði



KRAGELUND Aya K 129



Mikið úrval af hvildarstólum með og án rafmagns.



Casö 701 langborð

Komið og skoðið úrvalið

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Orðrómurinn á rökum reistur og pása í kortunum



Aron
Guðmundsson
aron
@frettabladid.is

Handboltþjálfarinn reyndi Erlingur Richardsson mun segja skilið við starf sitt sem aðalþjálfari ÍBV eftir yfirstandandi tímabil. Hann ætlar að taka sér smá pásu frá þjálfarastarfinu, verja meiri tíma með fólkinu sínu og endurmennta sig.

HANDBOLTI Erlingur hefur verið þjálfari karlalíðs ÍBV í handbolta frá árinu 2018 en þá tók hann við liðinu í þriðja skiptið á ferli sínum. Sjálfur hefur Erlingur komið víða við á ferlinum, þjálfað erlendis, bæði í Sviss og í þýsku Bundesligunni og þá vakti starf hans með hollenska landsliðið gríðarlega athygli á síðasta Evrópumóti.

Fréttablaðið sló á þráðinn til Vestmannaeyja og hitti á Erling þar sem hann var að klippa uppþökur af leik í undirbúningi ÍBV fyrir næsta leik sinn í Olís-deildinni.

„Það er svona fyrsta plan en svo veit maður náttúrulega aldrei hvað gerist í þessu,“ segir Erlingur aðspurður hvort orðrómur um að hann ætli sér að taka pásu frá þjálfun séu á rökum reistir. „Það var allavegana meginástæðan fyrir þessari ákvörðun, bara aðeins að kúpla sig frá því að vera starfsmaður A í boltanum.“

Engin endalok

Hvað ákvörðunina sjálfa varðar segir Erlingur að tilfinningarnar hafi verið blendnar en tímamunkturinn réttur.

„Ég var með vikutíma í uppsagnarfrest og stundum verður maður bara að taka ákvörðun. Ég veit náttúrulega ekkert hvernig leikmennirnir taka þessu en held hins vegar að þetta sé ágætur tími fyrir breytingar, bæði hjá mér og liðinu. Þetta er flottur hópur sem ég segi skilið við að tímabili loknu, flott lið og félagið stöðugt. Tímamunkturinn fyrir einhvern annan að stíga nú inn er því bara frábær. Það er líka bara oft ágætt að breyta aðeins til, fyrir alla.“

Hann muni að loknu yfirstandandi tímabili geta litið stoltur og sáttur á tíma sinn með ÍBV en frá því að hann tók við árið 2018 hefur hann gert liðið að bikarmeisturum og komist einu skrefi frá Íslandsmeistaratitlinum.

„Þessi tími með ÍBV hefur verið frábær og þetta eru engin endalok, ég er ekkert á förum frá Vestmannaeyjum og vonandi getur félagið nýtt mig í eitthvað í framhaldinu. Ég held að það séu fáir staðir sem hafa slíka umgjörð og er raunin hjá ÍBV.“

Samfélagið tekur virkan þátt

„Hér æfa leikmenn eins og atvinnu- menn og þá tekur samfélagið hér þétt utan um liðið. Auðvitað er alltaf hægt að gera betur en hér er allt gert til þess að leikmönnum og þjálfurum liði eins vel og kostur er svo þeir geti unnið vinnuna sína upp á tíu.“

Smæð samfélagsins hafi líka mikið að segja og sé einn af jákvæðum punktum við handboltastarfið í Vestmannaeyjum.

„Smæðin gerir það að verkum að menn fá aldrei frið frá handboltanum, það er alltaf verið að spjalla um íþróttina. Sama hvort um er að ræða spjall um liðið og gengi þess í búðinni eða á vinnustöðum. Samfélagið tekur virkan þátt í öllu. Það er mikið aðhald hjá öllum og félagið stendur sig vel í allri umgjörð. Það eru ekki mörg lið sem eru á sama stað og ÍBV. Það er rosalega gott að starfa hérna.“

Átt við krefjandi aðstæður

En það er ekki eins og Erlingur hverfi á braut strax, fram undan eru lokamánudir yfirstandandi tímabils.



Erlingur tók við stjórn ÍBV í þriðja skiptið árið 2018.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hver eru markmiðin til loka tímabils?

„Þau eru nú bara eins og hjá flest- öllum liðum. Við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma okkur í góða stöðu í deildar- keppninni sem myndi þá koma okkur inn í úrslitakeppnina þar sem væri gaman að láta til sín taka.“

Það sé hins vegar rosalega erfitt að dæma á hvaða stað liðið er þessa dagana.

„Við keppum síðasta leik 17. desember og það er lykilaðriði í þessu að fara vel af stað eftir þessa pásu, þetta er orðið lengra heldur en sumarfríið.“

Frá síðasta leik ÍBV í desember hafa liðið tæpir tveir mánuðir, hlé var gert á Olísdeildinni í kringum jólahátíðina og í janúar hófst HM í handbolta. Pásan varð enn lengri fyrir ÍBV þar sem erfiðar samgöngur vegna veðurs settu strik í reikninginn.

Hvernig er það fyrir þig sem þjálfara að eiga við þessar aðstæður?

„Okkur hefur í raun tekist mjög vel að eiga við þetta þar sem við

erum með afar góða breidd í leikmannahópnum. Þar af leiðandi hefur okkur tekist að stilla upp tveimur sterkum liðum á æfingum þar sem innbyrðis keppni hefur ráðið ríkjum.

Það er kosturinn í þessum aðstæðum en ég myndi ekki velja að eiga við þetta ástand með leikmannahóp sem samanstæði af tíu til tólf leikmönnum þar sem maður þyrfti kannski að brúa bilið með mjög ungum leikmönnum. Það yrði mjög erfitt.

Eins og staðan er núna höfum við vonandi náð að virkja alla og verðum í standi á laugardaginn kemur gegn Selfyssingum. En auðvitað verða það viðbrigið að mæta á nýjan leik á völlinn og keppa fyrir framan áhorfendur og í ÍBV-treyjunni, það hefur áhrif.“

Besta unga deild Evrópu

Eins og fyrr sagði er Erlingur afar reyndur í bransanum eftir tíma sinn erlendis, bæði í félags- og landsliðsbransanum.

Hvernig metur þú styrkleika

Íslensku deildarinnar í samanburði við aðrar deildir Evrópu?

„Þetta er mjög áhugaverð deild. Ég segi alltaf að íslenska deildin sé besta unga deild í Evrópu. Það er rosalega mikið af ungum drengjum sem fá tækifæri hér. Við náum síðan, sem betur fer, að blanda þetta saman með reynslumeiri leikmönnum, sér í lagi þegar leikmenn sem eru að koma úr atvinnumensku snúa aftur heim. Blandan verður því mjög góð með eldri atvinnuöðnum og öflugum ungum leikmönnum.“

Góður tími fyrir endurmenntun

Það kemur að kaflaskilum hjá Erlingi og ÍBV eftir yfirstandandi tímabil og þó að planið sé að taka pásu er óvíst að handboltaheimurinn hafi í hyggju að virða þá áætlun Erlings.

„Þetta getur allt breyst með einu símtali þó að maður sé með einhver plön um næstu mánuði, þessi íþrótt er bara þannig. Það þarf oft á tíðum ekki mikið til að maður hringsnúist. Þetta er allavegana fyrsta plan hjá mér.“

Ég á dóttur og tengdason úti í Þýskalandi sem væri gaman að heimsækja oftar, þá gæti maður líka nýtt tímann til þess að ferðast um Evrópu og fá að kíkja inn á æfingar hér og þar. Maður hefur farið víða á þessu handboltaþrótti, kynnst mörgu góðu fólki, bæði leikmönnum og þjálfurum, svo kannski maður nýti bara tímann til þess að endurmennta sig aðeins. Það er alltaf hollt og gott fyrir alla.“

Ekki hættur

Hann tekur þó allan vafa af því hvort hann ætli sér að segja skilið við handboltþjálfun.

„Ég er ekkert alfarið hættur í þessu, heldur ætla mér bara að fara aðeins út úr því að vera aðalþjálfari og vera bundinn öllum stundum. Ætla mér bara aðeins að losa um það, vil bara losna aðeins undan því og hafa aðeins meiri tíma til þess að sinna öðru. Það er fyrsta markmiðið með þessu.“ ■

Erlingur er afar reynslumikill handboltaþjálfari og hefur starfað víða í Evrópu, meðal annars í efstu deild í Þýskalandi.


FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Þessi tími með ÍBV hefur verið frábær og þetta eru engin endalok.


ALVÖRU ÁREKSTRARVARNIR

Fyrirtæki og stofnanir, tryggðu öryggi starfsmanna og viðskiptavina gegn ákeyrslu bíla inn í húsnæði



NJÖRVI plús+
1.980 kg.

NJÖRVI 1.260 kg.




Öflugar járnagrindur og hágæða steypa í NJÖRVA tryggir endingu og góða viðspyrnu.

NJÖRVI eru öflugir stólpar til að verja mannvirki og gangandi fólk.

Henta vel til að afmarka akstursleiðir og bílaplön.

Einnig hentugir til skyndilokana á vegum og aksturstakmarkana.



NJÖRVI plús+ árekstrarvörn ver flugstöðina á Keflavíkurlugvelli.



NJÖRVI til varnar Orkunnir á Fitjum.



NJÖRVI við Lögreglustöðina í Grafarholti.

Við framleiðum lausnir

ÍSLANDSHÚS.IS



Sími 577 6700 / islandshus@islandshus.is / www.islandshus.is

MERKISATBURÐIR

1824 Simón Bolívar verður einræðisherra í Perú.

1863 Alanson Crane fær einkaleyfi á slökkvitæki.

1931 Nýja-Deli verður höfuðborg Indlands.

1943 Orlofslög eru samþykkt á Alþingi sem tryggja einn frídag fyrir hvern unninn mánuð.

1962 Tveir farast þegar togarinn Elliði frá Siglufirði sekkur út af Snæfellsnesi. Togarinn Júpiter bjargar öðrum úr áhöfninni, 26 manns.

1975 Evrópuráðið gefur út jafnlaunatilskipun.

1996 IBM-öfurlöng Deep Blue sigrar Garri Kasparov í fyrsta sinn.

2005 Karl Bretaprins tilkynnir trúlofun sína og Camillu Parker Bowles.

2006 Vetrarólympíuleikar hefjast í Tórinó á Ítalíu.



Það getur verið erfitt að fanga yndi augna þinna í orð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

ÞETTA GERDIST 10. FEBRÚAR 1944



Olíuskipinu El Grillo sökkt

Það var á þessum degi árið 1944 sem þrjár þýskar flugvélar vörpuðu sprengjum á olíuflutningaskipið El Grillo á Seyðisfirði. Talið er að um níu þúsund tonn af olíu hafi verið í skipinu sem sökk nokkrum klukkustundum eftir árásina.

El Grillo var notað sem olíubirgðaskip fyrir Breta og Bandaríkjamenn í stríðinu en það kom til Seyðisfjarðar 1943. Skipið var um 134 metrar á lengd og 18 á breiddina.

Árið 2001 var flak skipsins hreinsað en frá því að það sökk hafði lekið úr því olía sem olli umhverfisspjöllum. Skipið er í dag vinsæll áfangastaður sportkafara. ■

Ástarbréf þá og nú

Íslendingar hafa löngum verið duglegir að skrifa ástarbréf, hvort heldur til að tjá tilfinningar sínar eða lýsa yfir sínum holdlegu þrám.

arnartomas@frettabladid.is

Nú þegar Valentínusardagur er handan við hornið hefur Félag um átjándu aldar fræði ákveðið að blása til málþings þar sem tekin verða fyrir ástarbréf frá síðustu öldum. Þótt tyllidagurinn eigi sér ekki djúpar rætur í íslensku samfélagi hafa Íslendingar þó verið lunknir að tjá sig um ástina í bréfaskriftum í þó nokkurn tíma.

„Ég ætla að taka fyrir ástarbréfin sem mér hefur tekist að finna á Kvennasögusafni og eru varðveitt hér,“ segir Raket Adolphsdóttir sagnfræðingur. „Það er ekki svo einfalt að finna ástarbréfin því það er ekkert leitarorð sem slíkt – það er bara skráð hvaða bréf eru til og svo þarf bara að fara í gegnum bréfin til að sjá hvað eru ástarbréf og ekki. Svo eru sum bréf sem er spurning hvort séu ástarbréf, yfirleitt bréf kvenna til annarra kvenna.“

Bréfin sem Raket hefur farið í gegnum spanna tímabilið 1900 til 1940. Það sem geymdist helst voru bréfaskriftir milli ungs fólks í tilhugalífínu sem endar í hjónabandi.

„Þau eignast í kjölfarið börn sem varðveita síðan bréf beggja aðila,“ útskýrir Raket. „Það getur verið mjög áhugavert að sjá muninn á því sem þær senda þeim og svo svörum, því þetta er jú samtál.“


Þrá og fjarlægð

Raket segir að turtildúfurnar hafi margar hverjar komist vel að orði.

„Þetta er frekar orðheppið fólk og vel læst. Þetta er vel menntað fólk að mestu sem er í efri lögum samfélagsins þegar kemur að stétt,“ segir hún og bætir við að það skipti líka máli hvort bréfin hafi verið geymd eða yfirleitt náð á áfangastað. „Það eru ekki allir sem geyma ástarbréfin – sumir brenna þau og svo voru ekki allir sem komu með þau á safnið.“

Ástæðurnar fyrir því að fólk ákvað að senda ástarbréf voru af ýmsum toga.

„Það er mikið af svona punktur, punktur, punktur, en þar sem þetta er ungt fólk yfirleitt þá er mikið af holdlegri þrá,“ segir Raket. „Það sem býr oft til ástarbréf er einhvers konar fjarlægð því þá er fólk ekki að hittast og tala saman.“



Bréf Haraldar Jónssonar (1897–1967) til Mariu Thoroddsen (1906–1976). Þau gengu að eiga hvort annað árið 1930. Bréfið hefur hann svo: Guðdómlega mæri! Ljós augna minna og hunang hjarta míns! Þakka yður bréfið og snepitímu með Ófeliggi. Þau var ólaridegt eitthvað um Raket, mætt af, ekki skrifinni að kemur, þri þri skrifit dásamlega, þat sist þegar heil örk er hit að danna um, dýrmat örk þat. Þau í framhjá hlaupi, notit þri svart-röndóttan pappis, sem pist í ggn?

MYND/ADSEND



Fólk er stundum að tala um að vilja kyssast eða að rifja upp þegar þau voru einu sinni saman.



Raket Adolphsdóttir, sagnfræðingur

Holdlegar stundir

En hvornig var stillinn hjá fólk? Er þetta klúrt eða dannað?

„Fólk er stundum að tala um að vilja kyssast eða að rifja upp þegar þau voru einu sinni saman,“ segir Raket sem telur karlana líklegri til að skrá niður mikla þrá. „Konurnar vilja heldur geyma þetta

þangað til þær voru komnar undir fjögur augu. Þær virðast samt alveg þrá þá jafnmikið líka.“

Það var eitt og annað sem kom á óvart við samantektina.

„Það kom mér mest á óvart hvað þau voru opinská með það að vilja hittast og eiga saman einhverjar holdlegar stundir,“ segir Raket og hlær. „Ég hélt að þau myndu kannski tala meira undir rós.“

Vonlausir vonbiðlar

Þá er líka munur á innihaldinu milli ára.

„Bréfin í kringum 1900 eru meira ástær og virka kannski ljóðrænni,“ segir Raket. „Þegar við erum komin nær 1930 þá virka þau aðeins æstari. Þetta er kannski einhver breyting á kynslöð og hvornig þau skrifa. Þá eru bókmenntirnar í kringum þau kannski aðrar sem gæti breytt stílnum.“

Raket bendir á að almennt séu fá bréf frá vonbiðlum eða mönnum sem vilja bjóða konum á stefnumót enda hafi þau síður varðveist í gegnum árin.

„Það sem lifir er almennt bréfin á milli fólksins sem varð hjón. Sum eru ofboðslega falleg enda er þetta efnislegur hlutur sem þú getur lesið aftur og aftur og haldið nærri hjarta þínu. Fólk átti stundum kistur af ástarbréfum sem það geymdi heima hjá sér. Í dag er þetta meira kannski í SMS-skilaboðum og spjalli.“ ■



Innilegar þakkir til ykkar sem heiðruðuð minningu
Ólafis Hauks Árnasonar

og sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát hans og útför.

Jósefína Ólafsdóttir
Árni Ólafsson

Hilmar Finnsson
Þorgerður Sigurðardóttir
barnabörn og langafabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

Kolluna upp fyrir mömmu!

„Breytingin frá því þegar
mamma var veik er að
núna er miklu meiri
stuðningur í boði“

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem
greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á lifidernuna.is





Á Birkimel, vestur í bæ, er núna að finna djúsgerðina hans Jóa, en hvorki tvíst né smurólíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Tankur sögunnar fylltur á gömlu góðu bensínstöðinni

Gamalkunni bensínafgreiðslumaðurinn hefur hengt sloppinn á snagann, en í stað hans eru komin ungmennti sem afgreiða ís og djús, brauð og borgara, ellegar þau þjónusta hjólafolk og listunnendur af öllu tagi.

ser@frettabladid.is

Æskuminningin er lykt.

Blanda af angan og stybbu.

Og einhver sátt við hvorutveggja. Jafnvel öryggistilfinning.

Af því að gamla bensínjoppa var athvarf manns á barnsaldri, allt frá sleikjó upp í fyrstu sigarettuna. Gott ef landinn var svo ekki seldur á bak við hús.

Hvað svo sem var í honum.

Aldrei góður. Eiginlega afleitur.

--

Núna horfir miðaldra fólkið á bensínjoppurnar verða eitthvað allt annað en það sem blasir við í æskumyndinni. Og þegar ekið er fram hjá þeim á jepplingi millitekjuhópsins kemst ekki önnur hugsun að en að allt sé breytingum

Svo var hangið þarna dagpart. BP. Esso. Shell.

Brenningin heilaga; kommar, framsókn, íhald.

En auðvitað voru þær flokkspólítískar. Bensínbúllurnar. Eins og allt annað í denn.

--

„Hittumst bara niðri í sjoppu.“ Það var viðkvæðið. Bensínjoppa var miðpunktur hversdagsleikans. Og hún bjó mann til, var eins og hjálpardekk á vegferð þroskans.

Frá sleikjó upp í fyrstu sigarettuna.

Gott ef landinn var svo ekki seldur á bak við hús.

Hvað svo sem var í honum.

Aldrei góður. Eiginlega afleitur.

--

Núna horfir miðaldra fólkið á bensínjoppurnar verða eitthvað allt annað en það sem blasir við í æskumyndinni. Og þegar ekið er fram hjá þeim á jepplingi millitekjuhópsins kemst ekki önnur hugsun að en að allt sé breytingum

háð, allt eigi sína afmörkuðu stund, ekkert vari að eilífu.

--

Og það er eitthvað skrítið fyrir þessa kynslóð, sem ólst upp í þessari yndislegu blöndu af angan og stybbu, að sjá sjoppurnar breytast í brauðbúðir og brasserí, djúsgerðir og ísskála, jafnvel reiðhjólaverslanir og listasöfn.

Og hvað næst?

Apótek? Læknastofur?

Og maður stendur eftir með bensíndæluna í hendi, roskin manneskjan, úti á plani – og fyllir bílinn enn einu sinni, með þennan breytta tíma innan seilingar.

Og ef maður vogar sér inn fyrir, sem er ekki sjálfgefið, líður einhver allt önnur angan um vitin en gamli sambræðingurinn af smurólíu og hráum, sinnepi og rúðuvökva, af notuðum tvísti og tíma sem stóð í stað.

--

Þeim gamla tíma.

Farna tíma. ■

Gamla Shell-

stöðin úti á

Nesi, síðar

Orkan, er orðin

ad ísbúð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Hjöllabátar

hafa komið sér

fyrir í gömlu

Shell-sjoppunni

í Öskjuhlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Við sunnan-

verða Miklu-

braut hefur

rúðupissinu

verið skipt úr

fyrir ávaxta-

drykki, pressaða

á staðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Bensínjoppa bjó mann til, var eins og hjálpardekk á vegferð þroskans. Frá sleikjó upp í fyrstu sigarettuna.



Neðarlega á Háaleitisbraut hefur lyktin af hráum og remólaði vikið fyrir keðjuvökva og dekkjalykt af allra handa reiðhjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Frumlegustu umskiptin eru í Hamraborginni í Kópavogi, en gamla bensínjoppa í þeim nafla alheimsins er núna orðin að forlata listsýningaplássi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Á austanverðum Laugavegi er ein frægasta bensínjoppa allra tíma, þar sem Næturvaktnin var tekin upp, en hún selur nú brauð og kruðeri.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




Vel smurðum, óhreinum borgurum og rifjum er nú dælt út á gömlu Shellstöðinni við norðanverða Miklubraut.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Miklu meira en bara ódýrt



2.985
Dekkjavíðgerðarsett
28 stk.



4.995
Hleðslu-
tæki 6Amp



Bensínbrúsar Stál/Plast
5/10/20L



Bílabónvél



frá 14.995
Mössunarvél



795
Dráttartóg
Mikið úrval



frá 495
Rakagildirur



795
Neyðar-
hamar



2.985
Vökvæðla
Tvívirki



12.995
Keðju-
taliur 1T

Strekkiþönd 5M



995
(Strekkiþönd frá 585)



795
Jarð-
skrúfur

Farangursteygjur
Mikið úrval



Stálhælar



995
Dragþönd/Bensli
Mikið úrval



995
Höfuðljós



Fötur/Balar

Hamar m/stálskafti
16/20oz



995



frá 495


Yfirbreiðslur



Reipi
Mikið úrval



frá 3.995
Lyklabox



195
Músagildirur
2 stk.




1.995
Borvélaborstar 3 stk.



frá 5.995
Verðmætaskápur 16L



4.995
Bleikt
verkfæra-
sett



frá 1.695
AVO
Fjölsviðs-
mælur



995
Penslasett
10 stk.



295
Hleðslu-
snúru-
lyklakippa




295
Smíða-
skrúfblýantur
+ 9 blý



295
Sextantasett 1-8 mm



frá 295
Torx
skrujárnasett



Tröppur-Stigar



Innanklæðaveski



Töskubönd



Ferðaflöskur



Ljósastarar



985/1.295
Töskuvogir



frá 295
Hengilásar



7.995
Akrýl-
sett



3.995
Göngustafir, lengjanlegir



Trönur

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

Stjörnuleit lýkur með vingjarnlegu einvígi Sögu og Kjalar



Í byrjun hélt ég að maður kæmist kannski áfram svona einu sinni, tvisvar og ætlaði bara að sjá til hvað myndi gerast.

Saga

Ný Idolstjarna Íslands verður krýnd í kvöld þegar stjörnuleit Stöðvar 2 lýkur með úrslitakeppni milli þeirra tveggja sem eftir standa; Sögu Matthildar og Kjalar. Bæði eru þau komin mun lengra en þau sáu fyrir sér og eru sérlega ánægð með að valið skuli að lokum standa milli þeirra.

toti@frettabladid.is

Stjörnuleit Stöðvar 2 lýkur í kvöld þegar Saga Matthildur Árnadóttir og Kjalar Martinsson Kollmar keppa til úrslita í Idolinu. Þau segjast bæði vera í góðum filing og full eftirvæntingar.

„Ég get ekki beðið,“ segir Kjalar og bætir aðspurður við að hann hafi alls ekki séð fyrir sér að hann myndi ná þetta langt. Hann hafi ekki einu sinni búist við því að komast í beinu útsendingarnar.

„Ég ákvað bara að prufa að sækja um og vissi ekkert við hverju ég ætti að búast og svo bara komst maður einhvern veginn alltaf áfram. En ég er ógeðslega ánægður með að vera kominn svona langt og sérstaklega með Sögu líka. Mér finnst frábært að hafa hana með mér í úrslitunum.“

Fjör á æfingum

Saga Matthildur er á svipuðum nótum. „Bara rosa spennit og þreytt. Maður er bara að njóta,“ segir hún og hlær en hún gengur með laumkeppanda sem er orðinn það umfangsmikill að hún hefur þurft að leggja gítarinn frá sér í bili.

„Ég á ekki að eiga fyrir en í maí og hef ekki fundið fyrir barninu í útsendingu en á æfingum er þetta stundum svolítið bras. Svona: „Geturðu aðeins tjillað hérna?“ Það var ekki draumurinn að þetta yrði samferða en fyrst þetta er svona þá bara erum við að njóta.“

Góðir vinir

Rétt eins og Kjalar segist Saga Matthildur ekki hafa búist við að komast alla leið í úrslitin. „Ég get nú ekki sagt það og svona í byrjun hélt ég að maður kæmist kannski áfram svona einu sinni, tvisvar og ætlaði bara að sjá til hvað myndi gerast. Og svo bara fór ég ekkert heim.“

Saga Matthildur tekur lokaandstæðingi sínum einnig fagnandi og ljóst að enginn rígur er milli þessara keppinauta. „Við urðum svo góðir vinir í gegnum þetta ferli, sérstaklega þessi átta

sem komust í beinu útsendingarnar, þannig að það varð þannig lagað aldrei einhver svona samkeppni.

Ég er löngu orðin sáttt við minn árangur og Kjalar er náttúrulega bara sjúklega góður tónlistarmaður og ég er ánægð alveg sama á hvorn veginn þetta fer.“

Allt að gerast

Það er ekki nóg með að Kjalar keppi nú til úrslita í Idolinu þar sem hann mun einnig blanda sér í Söngvakeppnina 2023 á næstu vikum ásamt tónlistarkonunni og lagahöfundinum Silju Rós sem fékk hann til þess að syngja framlag hennar með sér.

„Það var bara örugglega viku eftir síðustu prufurnar í Idolinu og ég fékk að vita að ég hefði komist áfram í beinu útsendingarnar sem Silja hefur samband við mig og býður mér að koma með. Þannig að þetta alveg kom mér mjög á óvart vegna þess að ég sendi ekki einu sinni lag í keppnina. En mjög gaman. Ég segi ekki nei við Söngvakeppninni.“

Þannig að sama hvornig fer þá er ljóst að árið 2023 ætlar svolítið að verða árið þitt í þessum efnum?

„Já, allvegana fram í mars,“ segir Kjalar og hlær.

Britney og Iris

Saga og Kjalar syngja þrjú lög, hvort um sig, fyrir framan dómnefndina og áhorfendur, en þeim var meðal annars uppálagt að velja lag frá fæðingarári sínu. „Ég syng Hit Me Baby One More Time, með Britney Spears, frá 1999,“ segir Kjalar.

„Það er aðeins öðruvísi en ég hef gert hingað til en ég er ógeðslega spennur yfir því. Þetta er svo skemmtilegt lag og það hafa bara allir einhvern veginn gaman af því. Og líka bara gaman að prufa aðeins þennan poppstjörnukarakter með þessu lagi,“ segir Kjalar. „Ég mun

syngja Iris með Goo Goo Dolls,“ segir Saga sem hafði úr lögum frá 1998 að velja.

Syngja sama lagið

Þau fengu einnig að velja sér eitt lag alveg að eigin vali og þar segist Saga hafa ákveðið að fara langt aftur í tímann með A Change Is Gonna Come, eftir Sam Cooke. Kjalar ætlar hins vegar að vera á Háa C með uppáhalds hljómsveitinni sinni, Moses Hightower.

„Svo syngjum við Saga bæði, sitt í hvoru lagi, lag sem var samið fyrir keppnina og úrslitakeppendurna sem myndu flytja það og gera svona aðeins að sínu. Þannig að þetta verður í mismunandi útgáfum hjá okkur. En sama lagið,“ segir Kjalar. ■



Ég ákvað bara að prufa að sækja um og vissi ekkert við hverju ég ætti að búast.

Kjalar




FRÉTTABLAÐIÐ

Í HELGARBLAÐINU

Þetta hefur verið hark

Vivian Didriksen Ólafsdóttir fer mikinn á hvíta tjaldinu þessa dagana í aðalhlutverki í Napóleónskjölunum sem byggð er á samnefndri bók Arnaldar Indriðasonar. Vivian fór ekki hefðbundna leið að markmiðinu enda einstæð fjögurra barna móðir sem stendur á fertugu þegar stóra tækifærið kemur.



Mikilvægt að staldra við

Vestmannaeyingurinn Unnar Gísl Sigurmundsson, betur þekktur sem Júníus Meyvant, var kominn um þritugt þegar fyrsta lag hans sló í gegn. Hann segist þakklátur fyrir að starfa við tónlistina í dag en þó sé enginn botn á græðginni og markmiðin séu alltaf sett hærra.



Kyn þátttakenda ekki það sem skipti máli

Nóam Óli varð í fyrra fyrsta trans manneskjan til að keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegu íþróttamóti. Hann segist helst fá hrós frekar en fordóma og segir umræðu um þátttökurétt trans fólks oft þröngsýna.



Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

VESTURLANDSVEGI

Opið alla daga

9-22

HÆÐASMÁRA

Opið alla daga

10-23

SUÐURFELLI

Opið virka daga

8.30-20

Opið laugardaga

11-17

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

Bílaapótek Vesturlandsvegi • Bílaapótek Hæðasmára • Bílaapótek Suðurfelli • Glæsibæ • Urðarhvarfi • Mjódd • Apótek Suðurnesja

BAKÞANKAR



Odds Ævars
Gunnarssonar

Neyslan, hún er ég

Ég elska að kaupa. Kaupa, kaupa, kaupa, kaupa, kaupa, kaupa, kaupa, kaupa, kaupa, kaupa.

Ég er líka Íslendingur. Að kaupa. Að neyta. Það er íslenska leiðin.

Ég hef áður sagt frá því hversu gaman mér finnst að fara út að borða. Borða, borða, borða, borða, borða. Það er bara eins og ég segi oft: Amazing.

Að fá sér drykk á happy hour eftir vinnu. Amazing. Kaupa ný húsgögn. Amazing. Fara í keilu. Amazing. Fara í bió. Amazing. Í leikhús. Amazing.

Það er svo gaman að kaupa. Allt sem hugurinn girnist og efna-hagurinn leyfir. Og aðeins meira en það.

Hvenær byrjaði maður að elska að neyta? Ég veit það ekki, því ég man ekki eftir öðru en að mér hafi alltaf fundist geðveikt að neyta og neita mér ekki um neitt. Neyta, neyta, neyta, neyta, neyta, neyta, neyta, neyta.

Það kom mér því gersamlega í opna skjöldu og mikið á óvart þegar ég frétti nýlega að ég væri að gera eitthvað rangt. Hvað í ósköpunum er þessi verðbólga segiði? Hvað segirðu að bjórin kosti? 1.650? Í alvörinni? 9,9 prósentu verðbólga? Í alvörinni? Ertu að grínast?

Spurði Google. VAR VERÐBÓLGAN 70% 1983 TIL 1984?!?! Hvernig er það hægt?!?!?!?!?!?!?!?

Bíddu nú við, var Ásgeir að hækka stýrivexti? Aftur? Eru Íslendingar í góðærissvanda? Ha? Er það góðæri að neyta?!? Ég hélt að það væri dyggð?!?! Sem ég hef samviskusamlega skreytt mig með í tæplega þrjátíu ár. Er ég að verða 30 ára?!?! Hvað er það? Ég er neyslan og verðbólgan er í mér! ■



Barnasýning ársins 2022



Fyrir fólk í leit af nýjum tækifærum



Skannaðu mig

